

dómur staðfestur í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum er rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Magnús Vigfússon greiði stefnda Jóni Pálmasyni málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr. Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 45/1916.

L. M. Diechmann
gegn

Stefáni Th. Jónssyni og
Þórarni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi máls þessa, L. M. Diechmann véla-smiður í Reykjavík, höfðaði mál fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði, til að fá hann dæmdan til að greiða sér eftirstöðvar af aðgerðarkostnaði skipsins »Nora«, kr. 401.00. Hafði skip þetta árið 1912 verið til aðgerðar á dráttarbrautinni í Reykja-

vik og áfrýjandi annast aðgerðina eða átt þátt í henni. Í gestaréttarmálinu hélt áfrýjandi því fram, að Stefán Th. Jónsson hefði samið við sig um aðgerðskipsins og borgað sér 1000 kr. af kostnaðinum, er alls hefði verið 1401 kr., og hefði áfrýjandi ekki vitað annað, en að Stefán Th. Jónsson væri eigandi skipsins og hefði samið í eigin nafni. En Stefán Th. Jónsson neitaði því að hafa samið við áfrýjanda um skipsaðgerðina eða greitt honum 1000 kr. upp í kostnaðinn. Kvað hann sér skipið óviðkomandi og kröfunni ranglega beint á hendur sér. Til þess að sanna, að Stefán Th. Jónsson væri réttur varnaraðili í gestaréttarmálinu, stefndi áfrýjandi Þórarni Guðmundssyni kaupmanni á Seyðisfirði fyrir aukarétt Seyðisfjarðar til að bera vitni, en Þórarinn Guðmundsson lýsti því þá yfir í réttinum, að með því að hann hefði verið eigandi skipsins »Nora«, þegar umrædd aðgerð á því fór fram, væri hann svo mikið við málið riðinn, að honum gæti eigi verið skylt að bera vitni í því, og mótmælti hann því að svara spurningum þeim, er áfrýjandi stýlaði honum. Um þessi mótmæli kvað aukarétturinn upp úrskurð 20. maí þ. á. á þá leið, að Þórarni Guðmundssyni væri eigi skylt að bera vitni í málinu.

Þessum úrskurði hefir L. M. Diechmann skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 22. júlí þ. á. og gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og Þórarinn Guðmundsson skyldaður til að bera vitni í málinu og svara spurningum þeim, er fyrir hann hafa verið lagðar á skjali nr. 4 í vitnagjörðunum, svo og að hinir stefndu, Stefán Th. Jóns-

son og Þórarinn Guðmundsson, verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdóminum að skaðlausu eftir mati dómsins.

Af hálfu Þórarins Guðmundssonar hefir eigi verið mætt í málinu hér í réttinum, en fyrir hönd Stefáns Th. Jónssonar er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og honum (Stefáni) dæmdur riflegur málskostnaður.

Fyrgreint skip »Nora« keypti stefndi Þórarinn Guðmundsson á nauðungaruppboði 1911, og yfirlýsing hans um, að hann hafi enn verið eigandi skipsins, þegar umrædd aðgerð á því fór fram, hefir eigi verið véfengd, en hana verður að skilja svo, að hann hafi þá einn verið eigandi þess. Honum bar þá eðlilega að greiða kostnað þann, er gestaréttarmálið reis af, nema annan veg hefði verið umsamið, eða aðrir tekið það að sér eða skuldbundið sig til þess í hans stað, t. a. m. stefndi Stefán Th. Jónsson. En um þetta eða yfirleitt um afstöðu meðstefnda til hinnar umstefndu kröfu verður hið stefnda vitni eigi gegn mótmælum þess skyldað til að bera fram skýrslu að viðlögðum eiði, með því að vitnisburður þess, eins og málið er vaxið, gæti farið í bág við hagsmuni þess, og það eins fyrir það, þó að áfrýjandi hafi lýst því yfir, að hann teldi sig ekki hafa neina kröfu á hendur vitninu út af viðgerðinni á skipinu, því að þessa yfirlýsingu þarf ekki að skilja sem skilyrðislaust afsal á nefndum kröfum gegn vitninu, hver sem úrslit gestaréttarmálsins verða. En auk þess

gæti vitnisburðurinn orðið vitninu til óhags í viðskiftum þess við meðstefnda, eða aðra, sem við mál þetta kynnu að vera riðnir.

Það verður samkvæmt þessu að telja rétt, að mótmæli vitnisins Þórarins Guðmundssonar voru af héraðsdómaranum tekin til greina, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Afrýjandi, L. M. Diechmann, greiði stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 18. desember 1916.

Nr. 4/1916.

J. D. Nielsen fyrir hönd
h/f. Verzlunin Einarshöfn
gegn

Þorleifi Guðmundssyni og
Sigurði Ísleifssyni.